

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs Suðursvæði 24.fundur

24. fundur

Fundur var haldinn í svæðisráði suðursvæðis **mánudaginn, 13. desember 2011** í Ráðhúsi á Höfn kl. **20:00**.

Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir og Guðrún Ingimundardóttir. Skúli Skúlason og Regína Hreinsdóttir voru í síma.

Gengið var til dagskrár:

1. Atvinnurekstur í þjóðgarðinum

- Regína gerði grein fyrir hugmyndum um reglur um samskipti þjóðgarðsins og fyrirtækja sem starfa innan marka hans. Sagði hún að ýmsum spurningum þyrfti að svara áður en ráðist er í þessa vinnu, til dæmis hvort þær eigi einungis að ná til þeirra sem hafi aðstöðu innan garðsins eða einnig þeirra sem eru með skipulagðar ferðir innan þjóðgarðsins. Í þessum reglum yrði að gera ráð fyrir reglulegum fundum aðila, a.m.k. árlega. Á þeim fundi yrði farið yfir starfsleyfi og hvernig aðilar aðlagi sig að reglum garðsins. Það sem fyrirtæki gætu fengið í staðinn er að þjóðgarðurinn er meira upplýstur um þjónustu og á auðveldara með að vísa á þau. Kostirnir væru því þeir að meiri samskipti yrðu á milli ferðaþjónustunnar og Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Hjalti upplýsti að á fundi hluthafa í Ríki Vatnajökuls hafi komið fram sjónarmið frá mörgum hluthöfum að eitt af markmiðum Ríki Vatnajökuls ætti að vera að koma á fót meiri samskiptum við Vatnajökulsþjóðgarð.
- Sigurlaug velti upp hvort samráðið ætti ekki einnig að vera við ferðaþjónustuna í heild sinni á hverju svæði. Einnig velti hún því upp hvort ekki færi saman að ferðaþjónustan mótaði sér umhverfisstefnu samhliða því að þjóðgarðurinn mótaði sér stefnu um atvinnurekstur.
- Guðrún sagði samskiptareglur mikilvægar og sagði það sína skoðun að þeir sem eru með starfsemi innan garðsins verði að aðlaga sig að reglum garðsins en jafnframt yrði líka að vera hægt að koma til móts við sjónarmið atvinnurekenda innan þjóðgarðsins.
- Hjalti velti því upp hvort verið væri að bæta við einum hlekk til viðbótar í opinbert eftirlitskerfi með atvinnurekstri.
- Regína hefur þá sýn að hér sé frekar um að ræða að skapa vettvang til að hittast og skiptast á upplýsingum, báðum aðilum til hagsbóta.

- Björn Ingi lagði áherslu á að ein heildræn stefna yrði mótuð fyrir þjóðgarðinn en ekki eingöngu fyrir suðursvæði.
- Skúli sagði ekki væri óeðlilegt að þjóðgarðurinn móti sér reglur um atvinnurekstur og þar mætti setja fram bæði réttindi og skyldur atvinnurekenda innan þjóðgarðsins. Jafnframt benti hann á að félagasamtök myndu líka skipuleggja ferðir inn í þjóðgarðinn og þær ferðir myndu ekki lúta sömu lögmálum og atvinnurekstur. Hins vegar mætti setja skýrt fram einhverjar grundvallarreglur sem yrði að hafa í heiðri.
- Svæðisráð telur mikilvægt að þjóðgarðurinn móti sér samskiptareglur við atvinnurekendur sem starfa innan garðsins og jafnframt að vinna að eflingu samstarf svið ferðaþjónustu á nærsvæði garðsins.
- Sigurlaug spurði um deiliskipulag í Skaftafelli. Jafnframt upplýsti hún um vinnu hjá Ferðamálastofu um upptöku gæðakerfis í ferðaþjónustu sem gæti verið fyrirmynd fyrir aðra aðila, s.s. þjóðgarðinn.
- Svæðisráð leggur áherslu á að vinna hefjist við gerð reglna sem tekur mið af starfsemi innan garðsins, starfsemi á nærsvæði hans og starfsemi félagasamtaka sem nýta garðinn til útivistar.

2. Hugmyndir um breytingar á lögum þjóðgarðsins.

- Hjalti gerði grein fyrir umræðu um breytingar á lögum þjóðgarðsins. Ástæða fyrir því að málið væri komið fram er að staða framkvæmdastjóra er ekki viðurkennd sem slík og laun taka ekki mið af raunverulegri ábyrgð hans og starfsskyldum.
- Svæðisráð fór yfir fyrirliggjandi tillögur. Svæðisráðið fór yfir útsend gögn og lagði til ákveðnar breytingar sem formanni er falið að koma á framfæri við stjórnina.
- Svæðisráðið telur til dæmis mikilvægt að staða framkvæmdastjóra verði viðurkennd en leggur ríka áherslu á að upphaflegt markmið með setningu laganna haldi gildi sínu að stærsta leyti, það er að viðhafa sjálfstæði þjóðgarðsvarða og ekki að draga frekar úr valdi svæðisráða.
- Svæðisráð leggur einnig til að þjóðgarðsvörður haldi utan um samskipti við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins á hverju svæði í samvinnu við framkvæmdastjóra og svæðisráð.
- Rætt um mikilvægi þess að skýra skipurit garðsins betur út.

3. Aðgerðaáætlun fyrir 2011

- Rætt um aðgerðir á suðursvæði fyrir 2011. Rætt um mikilvægi þess að ráðist verði í átak í merkingu og uppsetningu fræðsluskilta, í Hoffelli, á Heinabergi, við Skálafell og í Skaftafelli og vinna bæklinga fyrir svæðið og ekki síst fyrir nýju svæðin innan garðsins.

